



UMSÖGN

Viðtakandi: Öldungaráð

Sendandi: Velferðarsvið - skrifstofa öldrunar- og húsnæðismála

Umsögn um tillögu um heimapjálfun.

Á fundi öldungaráðs þann 24. september 2018, lagði fulltrúi Félags eldri borgara og nágrennis fram svohljóðandi tillögu:

„Undirritaður leggur til að borgin taki þátt í að bjóða eldri borgurum heimapjónustu um þjálfun og hreyfingu. Ég legg til að auglýst verði tilboð frá Rvík/FEB um heimsóknir þjálfara og kanni þannig þá eftirspurn sem fram komi frá öldruðum og vinnubrögð þar að lútandi. Ef árangur er jákvæður, skuli stjórn Félags eldri borgara og velferðarráð borgarinnar ganga frá þjónustu á þessum vettvangi.“

Samþykkt að senda tillöguna til velferðarsviðs til umsagnar.

Umsögn velferðarsviðs:

Þjálfun og hreyfing er mikilvægur liður í að styðja við sjálfstæða búsetu eldri borgara og gera þá meira sjálfbjarga. Fyrsti áfangi í innleiðingu endurhæfingarteyma í heimapjónustu hefur farið vel af stað í Efri – byggð á árinu. Í byrjun árs 2019 verður komið á laggirnar hliðstæðu teymi, bæði í heimapjónustunni í Vestur – byggð og í Mið – byggð. Í teymunum er gerð einstaklingsbundin endurhæfingaráætlun með hverjum nýjum umsækjanda í stað venjubundins þjónustusamnings. Líkamleg færni er hluti af áætluninni. Í teymunum er gert ráð fyrir starfsfólki á þessu sviði þ.e. 50% stöðu sjúkraþjálfara. Reynslan hefur þó sýnt að íþróttافرæðingar eru einnig vel til þess fallnir að vinna með þjálfun og hreyfingu í heimahúsum.

Jafnframt eru starfsmenn velferðartæknismiðju velferðarsviðs að hefja prófanir á styrktarþjálfun í heimahúsum með tilstilli DigiRehab, reyndri velferðartækni frá Danmörku. Þá eru starfsmenn heimapjónustu þjálfaðir í að nota spjaldtölvur og gera sérsniðna æfingaáætlun sem er ætlað að styrkja veikleika í líkamlegri færni, sem viðkomandi sýnir í fyrstu heimsókn. Þetta er gert í sérstöku færniprófi eða skimun sem er innbyggt í DigiRehab kerfinu. Æfingakerfið byggir á einföldum en mjög árangursríkum æfingum sem standa yfir í 12 vikur og starfsmaðurinn gerir í upphafi með notendanum. Tilgangur prófananna er að kanna hvort tækni af þessu tagi gefi jafn góða raun við íslenskar aðstæður og í Danmörku.

Í aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum eldri borgara sem nú er í vinnslu verður þjálfun og hreyfing eldri borgara gerð skil meðal annars því að nýta tækni í þjónustu endurhæfingarteyma heimaþjónustu.

Að framansögðu virtu er það mat skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála að mikilvægt sé að fá reynslu af prófun á styrktarþjálfun í heimahúsum með tilstilli DigiRehab áður en farið er í frekari prófanir á þjálfun og hreyfingu í heimahúsi.



Berglind Magnúsdóttir,
skrifstofustjóri